

Eintak án trúnaðar

Ákvörðun nr. 33/2025
Þriðjudagurinn, 21. október 2025

Breyting á yfirráðum í NP Holding ehf.

1. Hinn 26. september 2025 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt með samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005, um breytingar á yfirráðum í NP Holding ehf. („NP Holding“) Með tölvupósti dags. 1. október sl. var samrunaaðilum tilkynnt að samrunaskrá teldist fullnægjandi í skilningi samkeppnislaga og frestir til að rannsaka samrunann hefðu byrjað að líða þann 29. september 2025.
2. Í samrunaskrá er reifað að þann 24. mars 2025 hafi samrunaaðilar NP Holding og AF3-NP ehf, ásamt Noruz ehf., undirritað samning um fjárfestingu í eignarhaldsfélaginu NP Holding ehf. NP Holding sé eignarhaldsfélag sem sé 100% eigandi alls hlutfjár í félaginu NP Invest ehf. („NP Invest“), sem stofnað var vegna kaupa á öllu hlutfé í sænska félaginu NP Innovation AB.¹
3. IS Haf leiddi fjárfestingu í NP Innovation AB og er stærsti hluthafi NP Holding. Rekstrarsamningur sé á milli IS Haf og Íslandssjóða hf. sem sé í eigu Íslandsbanka hf. og starfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða, sbr. lög nr. 116/2021 og rekstraraðili sérhæfðra sjóða, sbr. lög nr. 45/2020.
4. AF3-NP tók þátt í framangreindri fjárfestingu og fer nú með []² hlut í NP Holding. Hinn 10. júlí sl. var undirritað samkomulag milli IS Haf og AF3-NP um meðferð á hlutfé þeirra í NP Holding („samkomulagið“). AF3-NP er eignarhaldsfélag sem stofnað var af sérhæfða sjóðnum AF3 slhf. árið 2025. Skráður tilgangur AF3-NP sé fjárfestingarstarfsemi, einkum eignarhald á verðbréfum, og annar skyldur rekstur.
5. NP Invest á að sögn samrunaaðila allt hlutfé í NP Innovation AB. NP Innovation AB sé með starfsemi í þremur löndum; Svíþjóð, Noregi og á Íslandi, og á tvö dótturfélög, annars vegar NP Innovation Norway AS, sem starfi sem sölueining fyrir móðurfélagið á norskum markaði, og hins vegar Aqua.is – NP Innovation ehf., sem áður hét Eldisvörur ehf. og komst í eigu NP Innovation AB með kaupsamningi í september 2024. Aqua.is – NP Innovation ehf. sé sölueining NP Innovation AB á Íslandi ásamt því að vera innflutnings- og þjónustufyrirtæki fyrir fiskeldisiðnað.
6. AF3-NP sé að sögn aðila að öllu leyti í eigu AF3, framtakssjóðs í rekstri Alfa Framtaks ehf. Alfa Framtak sé óháður rekstraraðili sérhæfðra sjóða sem leggi áherslu á framtaksfjárfestingar og starfi samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020. Skráður tilgangur Alfa Framtaks sé rekstur samlagshlutfélaga auk annarrar tilfallandi ráðgjafar og þjónustu að sögn samrunaaðila.
7. Að sögn aðila í samrunaskrá leiðir samkomulagið til þess að IS Haf og AF3-NP teljist hafa sameiginleg yfirrád (e. *joint control*) í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, þar sem samkomulagið kveður m.a. á um skuldbindingu aðila til að beita atkvæðisrétti sínum með

¹ Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2025, *Kaup IS Haf slhf. á NP Innovation AB*.

² Trúnaðarmál.



ákveðnum hætti, hvernig skuli hátta skipan stjórnar og um sölufærli félagsins. Geta því aðilar haft afgerandi áhrif á félagið og ákvörðunartöku í málefnum þess

8. Í samrunaskrá skilgreina aðilar mögulegan markað fyrir framleiðslu, sölu og þjónustu fyrir fiskeldisíðnað annars vegar og markað fyrir fjárfestingarstarfsemi hins vegar. Frekari umfjöllunar um markaði sé þó ekki þörf að mati samrunaaðila vegna takmarkaðra áhrifa samrunans.
9. Um áhrif samrunans segja aðilar að samruninn muni ekki hafa samkeppnisleg áhrif á þeim mörkuðum sem þeir starfi á; AF3-NP sé með samkomulaginu veitt tiltekin réttindi í einkahlutafélagi ásamt IS Haf í NP Holding. Þannig breytist yfirráð frá yfirráðum eins aðila yfir í yfirráð tveggja (úr „sole control“ í „joint control“) í samkeppnisréttarlegum skilningi. AF3-NP hafi að sögn aðila ekki yfirráð yfir öðrum félögum á þeim mörkuðum sem samruninn varðar. Þá starfi Alfa Framtak og önnur dótturfélög þess ekki á heildarmarkaði fyrir fiskeldi, og séu því eðli málsins samkvæmt ekki á undirmörkuðum hans. Þá starfi Alfa Framtak og dótturfélög ekki á tengdum mörkuðum að sögn samrunaaðila. Þrátt fyrir þau fyrirhuguðu sameiginlegu yfirráð sem felist í samkomulaginu verði engin samþjöppun á heildarmarkaði fyrir fiskeldi eða tilgreindum undirmörkuðum málsins. Að sama skapi mun keppinautur á viðeigandi mörkuðum ekki fækka. Þá muni fyrirhugað samkomulag ekki hafa í för með sér skaðleg samsteypuáhrif.
10. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem fylgdu og annarra aðgengilegra og fyrirliggjandi upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Ekkert í fyrirliggjandi upplýsingum eða gögnum málsins bendi til þess að samruninn myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu, eða hann raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið hvorki ástæðu til þess aðhafast vegna samrunans né rannsaka hann frekar og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð

„Breyting á yfirráðum í NP Holding ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson